


## Lýsing á Undirstöðum



### 1. Skref:

- 1.a. Þú mskar 9 holur sem eru staðsettar eins og er sýnt á teikningunni.
- 1.b. Þú setur blikkhólka (rauðir á teikningunni), ca. 20 cm í þvermál, ofan í holurnar.
- 1.c. Ofan í blikkhólkana seturðu 95x95 mm gagnvarða staura (grænir á teikningunni).
- 1.d. Þú steypir ekki strax.

### 2. Skref:

- 2.a. Þegar þarna er komið við sögu er best að smíða sér undirstöðugrind úr 45 x 120 mm gagnvörðu efni (eða 45 x 145 mm). Það gerirðu eins og sýnt er á teikningunni (en lestu áfram...)
- 2.b. Nánar um grindina á teikningunni: Berandi hluti grindarinnar eru þeir hlutar sem eru litaðir dökkgráir á teikningunni. Þú byrjar á því að setja þá saman.
- 2.c. Næst seturðu ljósgráu hluta grindarinnar í rammann.
- 2.d. Þú leggur rammann ofan á jörðina á réttan stað miðað við holurnar sem þú ert búinn að gera. Núna má segja að berandi grind hússins sé tilbúin.
- 2.e. Næst tekurðu grindina í hæðina sem þú vilt hafa hana og 100% lárétt plan og passar að hann sé hornréttur (það gerðirðu með því að mæla úr einu horni yfir í það gagnstæða, beggja megin, þar til lengdirnar stemma).
- 2.f. Þú tillir sem bráðabirgða undir grindina þannig að hún sé stöðug. Þetta þarf að vera vel gert og grindin þökkalega vel stöðug.
- 2.g. Núna boltar þú 95x95 mm staurana við rammann með góðum ca. 10-12mm borðaboltum. Fínt að setja 2 stk í hvern staur. Staurarnir eiga ekki að ná alveg niður í botn holunnar (þeir „hanga“ í raun og veru í grindinni á þessum tímupunkti)
- 2.h. Á þessu stigi eru allir staurarnir fastir við grindina, grindin hornrétt og komin í hæð.
- 2.i. Núna steypir þú. *Hugmynd: Ágætt að renna upp í næstu steypustöð og fá tilbúna steypu beint á kerru, minna vesen og minni vinna. Líklega ódýrara líka.*
- 2.j. Þú hellir steypunni í hólkana. Gott er að yfirborð steypunnar halli aðeins frá staurnum. Þannig lekur rigningarvatn frá timbrinu í stað þess að liggja í polli upp að stoðinni.
- 2.k. Þú lætur steypuna núna harðna (í ca. 2 daga). Gott er að fara með hallamálið einu sinni enn á grindina meðan steypan er enn blaut og tékka á því að allt sé eins og það á að vera.
- 2.l. Þegar steypan er hörðnuð eru millibitarnir settir í grindina. Þeir eru ljósbláir á teikningunni.
- 2.m. Ofan á grindina fer húsið. Gólfklæðning fer beint á þessa grind.